


Hverfisráð Breiðholts

Tillögur um hvernig megi auka lýðræði, lærdóm, félagsauð og valdeflingu á vettvangi félagsstarf.

Inngangur

Hlutverk hverfisráða er að skapa vettvang fyrir lýðræði, samráð og tengja saman stefnu borgaryfirvalda við íbúa borgarinnar. Þeim er einnig falið að fjalla með stefnumarkandi hætti um þjónustu og málsmeðferð fyrir hönd borgaranna. Því skiptir miklu máli að tengsl hverfisráðs verði annars vegar styrkt við íbúa annars vegar og borgaryfirvöld hins vegar. Taka hverfisráðin heildstæða sýn út frá sjónarhóli íbúa í hverfum borgarinnar. Þó að starf þeirra taki til málefna einstaklinga og fjölskyldna þá varðar starf þeirra einna mest félagslegt samfélagsstarf og því vænlegt til árangurs að styrkja umboð þeirra til að hafa áhrif á vettvang sem félagsstarf býður uppá. Umboð hverfisráða verður í leiðinni umboð íbúa á öllum aldri til þess að starfa á eigin frumkvæði.




1. *Hverfisráð sem vettvangur samráðs íbúa.*¹

Tillaga: Til að fylgja eftir samþykktum borgarinnar um samráð með íbúum þá þarf að tengja betur saman samtök og ráð íbúa í hverfum borgarinnar. Lagt er til að hverfisráð haldi með formlegum hætti utan um samskipti borgarinnar við helstu ráð og samtök. Til þess verði ráðinn starfsmaður sem nú þegar er til staðar í vinnu með slíkum aðilum. Er um að ræða:

- a. *Ungmennaráð Breiðholts.* Umsjón ungmennaráðs Breiðholts verði færð til hverfisráðs og það starfshlutfall sem nú þegar fylgir því verkefni.
- b. *Notendaráð félagsmiðstöðva.* Umsjón notendaráða verði færð til hverfisráðs og það starfshlutfall sem nú þegar fylgir því verkefni.
- c. *Íbúasamtök Breiðholt.* Samtökin eiga nú þegar aðild að hverfisráði með þátttöku áheyrnarfulltrúa. Er þeim nú þegar veitt þjónusta frá hverfisráði með störfum hverfisstjóra Breiðholts sem er jafnframt framkvæmdastjóri ráðsins.

¹ <http://reykjavik.is/radognefndir/hverfisrad-breidholts>

- d. *Skólaráð*. Komið verði á formlegum tengslum við þau ráð sem skilgreind eru sem slík í leik- og grunnskólalögum. Leitað verði eftir að fulltrúi hverfisráðs verði skipaður í þau 5 skólaráð sem starfa í grunnskólum hverfisins.²



2. *Félagsstarf unnið með íbúum á öllum aldri.*

Tillaga: Allt félagsstarf í Breiðholti verði fært undir stjórn hverfisráðs Breiðholts. Er um að ræða félagsmiðstöðvarnar í Gerðubergi, Árskógum, 111, Hólmasel og Bakkann. Þetta nær yfir umsjón húsnæðis, tækja og starfsmannahalds til að starfrækja faglegt félags- og uppeldisstarf sem og almennt félagsstarf. Samstarf aukist við félagasamtök (t.d. Íþróttafélög) og 3ja geirann. Ekki er átt við þjónustu frístundaheimila og safnfrístundar í þessu samhengi.

Tilgangurinn er að færa stjórnun félagsstarfs nær íbúum, þ.e. barna, ungmenna, foreldra, eldri borgara og annarra íbúa hverfisins. Með því er lýðræði aukið fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Vettvangur félagsstarfs hentar vel til að auka félagsauð, þátttöku og sjálfboðaliðastarf og efla samstarf við félagasamtök og 3ja geirann almennt. Hafa dæmi um slíka þróun bent til aukinnar valdeflingar (empowerment) og betri samfélaga.³ Í Breiðholti er mikilvægt að nýjir íbúar (innflytjendur) finni hlutdeild í stofnunum samfélagsins og er vettvangur félagsstarfs kjörinn til að bjóða þá velkomna til samstarfs með fulltrúum íbúa. Meðal þeirra samtaka sem bjóða má í aukið samstarf eru eftirtaldir:

- Íþróttafélögin ÍR, Leiknir og Ægir
- Skátafélögin Segull og Hafarnir.
- Skákfélagið Hellir
- Æskulýðsfélög kirkjunnar
- Rauði Krossinn

² Sjá 8. Grein: <http://www.althingi.is/lagas/140a/2008091.html>. Einnig má líta til fordæma um slíkt: <http://www.naustaskoli.is/is/skolinn/skolarad>

³ Putnam, Robert D: Better together, restoring the American community, New York 2003.

- Félag eldri borgara (FEB)
- Þjónustuhreyfingar, s.s Kiwanis, Lions, Soroptimistar ofl
- Geðhjálp, Hlutverkasetur og Hugarafl
- Móðurmálsfélög



Velja má um ólíkar leiðir til að útfæra þessar breytingar. Verkefnið væri að færa stjórnun félagsstarfs frá ábyrgð velferðarráðs annars vegar og skóla- og frístundaráðs hins vegar og til ábyrgðarsviðs hverfisráðs.

Mælt er með því að hlutverk formanns hverfisráðs verði aukið og skoðað hvort að gera megi starfið að launuðu starfi samhliða fjölgun borgarfulltrúa.

Með samþættingu alls félagsstarfs í hverfinu má kalla fram hagræðingu með beinum hætti eða til þess að auka félags- og frístundastarf í hverfinu. Einnig má reikna með jákvæðum samlegðaráhrifum vegna samþættingar sem varða samstarf milli aldurskeiða, auknum tengslum milli ólíkra hópa og auknu framlagi allra hlutaðeigandi.

Tryggja þarf faglegt bakland verkefna á borð við félagsstarf unglinga, 10-12 ára starfs, félagsstarf fyrir eldri borgara, fatlað fólk og aðra þá sem huga þarf sérstaklega að. Það verði gert með nánú samstarfi við miðlæg fagsvið og skrifstofur sem sinna stefnumörkun og styðjandi eftirliti.